



Umhverfis- og skipulagssvið - USK
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
MSS26020047
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 10.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að unglingum í 9. og 10. bekk bjóðist hlutastörf yfir vetrartímann

Lögð fram svohljóðandi tillaga Sjafnar Sveinsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Vinnuskóla Reykjavíkur að bjóða unglingum í 9. og 10. bekk upp á hlutastörf á starfsstöðum Reykjavíkurborgar yfir vetrartímann frá og með hausti 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna
með Borgarstjórn Reykjavíkur
10. febrúar 2026**

1) Sigríður Dúa Brynjarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um lengingu opnunartíma sundlauga:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela menningar- og íþróttasviði að lengja opnunartíma sundlauga í Reykjavík til kl. 22:00 um helgar yfir veturinn og taka upp sérstakan sumaropnunartíma til kl. 23:30 alla daga. Breytingin taki gildi 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Lagt er til að opnunartími sundlauga í Reykjavík verði lengdur þannig að opið verði til kl. 22:00 um helgar eins og virka daga. Sund er holl, heilsueflandi og skjálaus afþreying og lenging opnunartíma sundlauga um helgar frá 21:00 til 22:00 skapar tækifæri fyrir ungmenni til að eyða kvöldstundum um helgar frekar í jákvæðri afþreyingu fram að útivistartíma. Einnig eru mörg ungmenni að æfa íþróttir og stunda tómstundir og æfingar eru oft fram á kvöldin og því ómögulegt að fara í sund eftir æfingar þar sem stutt er í lokun. Einnig er lagt til að sumaropnunartími verði til 23:30 alla daga, í samræmi við lengri útivistartíma unglunga á sumrin.

2) Jökull Logi Sigurjónsson, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um að lengja og auka við opnunartíma félagsmiðstöðva:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að lengja opnunartíma félagsmiðstöðva til kl. 22:00 á mánudögum og miðvikudögum og á föstudagskvöldum til kl. 22:30 og bæta jafnframt við einni kvöldopnun á viku. Breytingin taki gildi frá og með hausti 2027.

Greinargerð:

Kvöldopnunartími félagsmiðstöðva er í dag á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 19:30 til kl. 21:45 og á föstudögum frá kl. 19:30 til kl. 22:00, þó eru nokkrar félagsmiðstöðvar opnar til kl. 22:30 eða 22:45 á föstudögum. Lagt er til að opnunartími félagsmiðstöðva á mánudögum og miðvikudögum verði lengdur til kl. 22:00 og á föstudögum til kl. 22:30 í öllum félagsmiðstöðvum. Upprunaleg ákvörðun um styttingu opnunartíma árið 2023 var ekki tekin í samráði við ungmenni eða ungmennaráð. Ungmennaráðið leggur jafnframt til að bætt verði við kvöldopnun kl. 19:30-22 annað hvort á þriðjudögum eða fimmtudögum. Tillagan eru ætluð til að auka aðgengi ungmenna að uppbyggilegu tómstundastarfi og efla félagslegt umhverfi þeirra. Einnig er stuðlað að auknu öryggi á kvöldin og dregið úr líkum á áhættuhegðun. Aukinn opnunartími getur bætt jafnræði í tómstundum þar sem fleiri ungmenni geta nýtt sér þjónustuna óháð aðstæðum heima fyrir. Tillagan er í samræmi við óskir ungmenna og styður við aukna þátttöku þeirra í ákvarðanatöku um eigið frístundastarf.

3) *Ragnheiður Gróa Elvarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um að hækka frístundastyrk barna og ungmenna:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela menningar- og íþróttaráði að hækka frístundastyrk fyrir börn og ungmenni um 25.000 kr., það er hækka styrkinn upp í 100.000 kr. frá 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Sum börn og ungmenni fá ekki tækifæri til að stunda þær tómstundir eða íþróttir sem þau langar til að stunda vegna þeirra miklu útgjalda sem fylgja því að stunda íþróttir/tómstundir. Því fylgir því meiri forvörn að hækka styrkinn og hvetja þannig fleiri til þess að stunda fleiri íþróttir/tómstundir. Lagt er til að borgarstjórn beini því til menningar- og íþróttasviðs að samþykja að hækka frístundastyrk barna og ungmenna um 25.000 kr., það er hækka styrkinn upp í 100.000 kr., til að komast til móts við þann kostnað sem forráðafólk þarf að greiða fyrir íþróttir/tómstundir barna sinna.

4) *Indriði Nökkvi Þóreyjarson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna fái áheyrnarrétt í fleiri fagráðum:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna fái áheyrnarrétt í velferðarráði, umhverfis- og skipulagsráði og menningar- og íþróttaráði þegar málefni sem tengjast börnum og ungmennum eru til umfjöllunar. Breytingin taki gildi á næsta kjörtímabili borgarstjórnar.

Greinargerð:

Það er nauðsynlegt fyrir lýðræðisþátttöku ungmenna að vera þátttakendur í fagráðum Reykjavíkurborgar. Eins og staðan er núna hafa ungmenni ekki nauðsynlegan aðgang að umfjöllun um málefni barna og ungmenna í fagráðum Reykjavíkurborgar og geta ekki beitt sér fyrir málefnum sem varða þau, til dæmis Vinnuskólanum í umhverfis- og skipulagsráði og barnavernd í velferðarráði. Að auki heyra málefni tengd atvinnu- og menningarstefnu ungmenna undir menningar- og íþróttaráð. Ungmenni hafa rétt á að gefa sína formlegu skoðun á málefnum sem varða börn og ungt fólk.

5) *Magnús Sigurður Jónasson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára bókastyrk:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að veita ungmennum á aldrinum 13-18 ára 15 þúsund króna styrk til bókakaupa árlega. Tillagan kæmi til framkvæmda 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir að 13-18 ára ungmenni fái árlegan bókastyrk. Það myndi þjóna einstaklingum á unglingastigi grunnskóla og fyrstu árum framhaldsskóla. Markmið bókastyrksins er að hvetja ungmenni til yndislesturs og stuðla að lesskilningi og væri styrkurinn því ný lausn til þess að sporna gegn dvínandi áhuga ungmenna á lestri. Upphæðin væri sú sama fyrir öll ungmenni.

6) *Dagbjört Freyja Gígja, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar fyrir nemendur í unglingadeild í öllum grunnskólum Reykjavíkur eigi síðar en á haustönn 2027.

Greinargerð:

Síðustu ár hefur ofbeldishegðun meðal ungs fólks aukist á Íslandi. Vopnaburður hefur vaxið og algengt er að slagsmál séu tekin upp og þeim síðan dreift á samfélagsmiðlum. Okkar tilfinning er sú að ungt fólk verði meira vart við ofbeldið heldur en fullorðnir sem detta ekki inn í sama algöripma og unglingar á samfélagsmiðlum. Við erum hrædd við aukna tíðni ofbeldis og teljum okkur oft ekki örugg og þá sérstaklega ekki þegar við erum ein á ferð. Af þessum sökum leggur ungmennaráð Kjalarness til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá nemendum á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur fyrir kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar.

7) *Jörundur Þór Hákonarson, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um gervigreindarstefnu í skólastarfi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að útbúa gervigreindarstefnu í samstarfi við grunnskóla og að stefnan taki gildi í öllum grunnskólum frá 1. janúar 2027.

Greinargerð:

Gervigreind hefur rutt sér rúms í skólastofum um allan heim og er mikilvægt að grunnskólar móti sér stefnur um notkun gervigreindar. Það er mjög misjafnt hvernig skólar í borginni vinna með gervigreind og skiptir máli að það sé gert vel. Nemendur upplifa margir hverjir stefnuleysi í málaflokknum. Notkun gervigreindar snertir bæði siðferðis- og umhverfismál og þarf að nálgast hana með fræðslu og umræðu.

8) *Sjöfn Sveinsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs*

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að unglingum í 9. og 10. bekk bjóðist hlutastörf yfir vetrartímann:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela Vinnuskóla Reykjavíkur að bjóða unglingum í 9. og 10. bekk upp á hlutastörf á starfsstöðum Reykjavíkurborgar yfir vetrartímann frá og með hausti 2027.

Greinargerð:

Það er erfitt fyrir unglinga að fá vinnu á veturna án þess að vera með tengsl inn á atvinnumarkaðinn. Þess vegna leggjum við til að Reykjavíkurborg bjóði unglingum upp á hlutastörf yfir vetrartímann. Þegar unglingar hafa vinnu, þó það sé hlutastarf, þá gerir það þeim kleift að hafa eigin fjárráð og læra að hafa betri stjórn á peningum. Það getur líka hentað þeim unglingum sem búa við fátækt og hafa ekki fjárhagslega sterkt bakland. Unglingar læra líka að skipuleggja sig betur þegar þeir þurfa að gera ráð fyrir að mæta til vinnu með skóla. Hugmyndin er sú að væri boðið upp á störf í frístundaheimilum, leikskólum, félagsmiðstöðvum fyrir aldraða, félagsmiðstöðvastarfi á miðstigi og í tilfallandi störfum.